



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík

sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014

postur@for.stjr.is

www.raduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: **54/2011**

Efni: **Sérfræðingahópur metur svigrúm banka og afskriftir á lánum heimila**

Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir hefur ákveðið að kalla saman sérfræðingahópinn sem vann skýrslu um skuldavanda heimilanna fyrir um ári síðan. Hópnum er ætlað að fara yfir fyrirbyggjandi gögn um afföll húsnæðislána heimilanna, þegar þau voru færð frá gömlu bönkunum yfir til nýju bankanna og meta hvernig það svigrúm til afskrifta sem þannig myndaðist hefur verið nýtt heimilum landsins til hagsbóta.

Þegar nýjir bankar voru reistir á grunni hinna föllnu banka, var lánasafn gömlu bankanna fært yfir til hinna nýju með afslætti til að lánin væru metin á sannvirði. Á þennan hátt skapaðist svigrúm til afskrifta hjá hinum nýju bönkum. Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi hefur komið fram að húsnæðislán heimilanna voru færð yfir í nýju bankana á 72% af kröfuvirði að meðaltali og að afföllin (svigrúm til afskrifta) væri því um 90 milljarðar króna vegna þessara lána. Í svarinu var vísað til gagna frá FME en í fjölmiðlum hefur því ítrekað verið haldið fram að svigrúmið sé hærra og jafnvel miklu hærra.

Í upplýsingum frá SFF hefur jafnframt komið fram að í lok júlí í ár hafi bankar og fjármálastofnanir afskrifað um 144 milljarðar frá hruni, á grundvelli 87.200 umsókna vegna lána einstaklinga, þar af um 100 milljarða vegna fasteignalána heimilanna. Þá voru enn í vinnslu um 6300 umsóknir sem reiknað er með að verði lokið fyrir áramót.

Sérfræðingahópnum er ætlað að fara yfir ofangreindar upplýsingar og önnur nauðsynleg gögn í því skyni að upplýsa hið rétta um afskriftir á lánum heimilana, bæði við yfirfærslu þeirra frá gömlu bönkunum til hinna nýju og afskriftir til heimilanna sjálfra. Efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, Sigurður Snævarr stýrir hópnum en í honum eru einnig fulltrúar stjórnvalda, fjármálastofnanna, lífeyrissjóða og Hagsmunasamtaka heimilanna.

Reykjavík 4. október 2011

